



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 57. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í ráðhúsi  
Hornafirði 3. hæð,  
15. febrúar 2018, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaganna, Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður og Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

**Fundargerð ritaði:** Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður.

### 1. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015

#### Gestir

Sigbjörn Kjartansson - 13:00

*Sigbjörn Kjartansson hjá Glámukím var á skype og kynnti skipulagstillögur við Jökulsárlón. Hann rifjaði upp söguna. Byrjað 2010 að skoða svæðið með tilliti til skipulagsgerðar. Vitað að þarna er mikið strandrof og sjávarborðshækkningar og vegstæði í hættu og kynnti hann m.a. hugmyndir sem Vegagerðin setti fram um breytingar á farvegum árlónarinnar. Snævarr ítrekaði bókun fundargerð frá fundi svæðisráðs þar sem fram kom að í þessu skipulagi væru bílastæðin í gömlum farvegi Jökulsárinnar sjálfrar og þau tækifæri sem falist gætu í að segja sögu árlónarinnar og hvaða breytingar hefðu orðið á farvegi hennar í gegnum tíðina gætu glatast. Spurt hvort hægt væri að flytja bílastæðin til. Sigbjörn sagði staðsetninguna valda þarna undir bakkanum til að minna bæri á bílastæðum úr fjarlægð. Björn Ingi spyr hvað hafi orðið til þess að húsin voru færð til norðausturs frá upphaflegu skipulagi 2013. Sigbjörn sagði ákvörðunina hafa verið tekna m.a. vegna betra aðgengis fyrir bátsferðir, skjóli undir bakkanum og betra útsýnis frá þessum stað. Sigbjörn tekur undir með Snævarri að náttúruverndarsjónarmið eigi að vera ráðandi þáttur í staðsetningunni. Ákveðið að Snævarr útbúi kort af svæðinu sem sýni landslagsform og náttúrumínjar og það verði lagt til grundvallar við staðsetningu húsa og bílastæða. Björn Ingi tekur fram að bæta þurfi við aðstöðu fyrir atvinnustarfsemi á svæðinu. Bátsferðir séu t.d. stór hluti starfsemi á svæðinu og svæðisráðið geri ráð fyrir því að slík starfsemi verði áfram. Helga spyr um svæðið vestan við brúna og hvort það sé gert ráð fyrir starfsemi fyrirtækja þar. ALLir sammála um að það verði að koma upp göngubrú yfir Jökulsána ef þetta verður að veruleika. Mikilvægt er að taka saman hvaða starfsemi er á svæðinu nú þegar og hvaða starfsemi sé hugsanlega æskileg til viðbótar, til að hægt sé að meta umfang hennar áður en haldið verði áfram með skipulagsvinnuna. Þarna er t.d. gjörólík umferð og starfsemi sumar og vetur, þar sem bátasiglingar eru á sumrin en íshellaferðir á veturna. Helga bætir við varðandi fjölda rústæða að það þurfi*

örugglega að bæta við þau. Björn Ingi bætir við að nú sé talningaverkefni í gangi sem Rögnvaldur Ólafsson heldur utan sem muni geta gefið betri hugmyndir um fjölda og gerð bíla og dvalartíma á svæðinu á hverjum tíma. Mikilvægt er að hafa í huga þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað á Breiðamerkursandi við skipulagsvinnuna.

## **2. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002**

Björn Ingi fór yfir stöðuna á rekstri og framkvæmdum í þjóðgarðinum og útskýrði leiðir sem settar hafa verið fram til að hagræða í rekstrinum.

Regína fór yfir hvernig niðurskurðurinn birtist á suðursvæðinu. Til að hægt sé að halda uppi þeirri þjónustu sem þjóðgarðurinn býður upp á þarf að draga úr landvörslu í staðinn. Þá verða ekki sjálfboðaliðar í Skaftafelli næsta sumar t.d. Einnig var kynnt minnisblað frá fjármálastjóra um hagræðingu.

Sigurlaug vill þakka stjórninni fyrir þá vinnu sem er búið að leggja í þetta mál og starfsmönnum fyrir að vinna úr vandanum. Aðrir taka undir það.

Svæðisráð óskar eftir að þjóðgarðsverðir fari yfir minnisblaðið og þær aðgerðir sem þar eru lagðar fram og fari yfir á næsta fundi hvort þetta sé raunhæft.

Svæðisráð samþykkir framlagða rekstraráætlun fyrir suðursvæði en harmar þá fjárhagsstöðu sem garðurinn stendur frammi fyrir og leggur áherslu á að auka þurfi fjármagn til aukinnar landvörslu á svæðinu í takt við fjölgun ferðamanna.

Regína fór yfir framkvæmdir sem var sótt um í innviðaaætlun og kynnti svæðisráðsmönnum forgangsröðun framkvæmda á suðursvæði eins og hún lagði til við framkvæmdastjóra.

Nr. 1 er að ljúka við framkvæmdir á bílastæði og torgi framan við Skaftafellsstofu. Nr. 2 er að hefja vinnu við fráveitumál í Skaftafelli og nr. 3 er uppbygging starfsmannaaðstöðu í Skaftafelli. Svæðisráð tekur undir þessa forgangsröðun.

## **3. Uppbygging gestastofu í Flatey á Mýrum - 1712007**

Verið er að vinna að uppbyggingu gestastofu í Flatey. Vatnajökulspjóðgarði býðst að leggja til upplýsingaskilti til að hafa þar. Helga mun vera tengiliður þjóðgarðsins í þessu verkefni. Svæðisráð tekur undir að það sé jákvætt að þjóðgarðurinn sé sýnilegur.

## **4. Breiðamerkurjökull: "Næstum því slys" við Crystal. - 1801001**

Helga kynnir bréf sem barst til Vatnajökulspjóðgarðs varðandi næstum því slys við Íshelli í Breiðamerkurjökli. Velti því upp hvort ætti að setja bann við akstri í ákveðinni fjarlægð frá munnni Íshella. Svæðisráð harmar að sökum niðurskurðar til landvörslu sé ekki hægt að sinna eftirliti við Íshellana betur og ítrekar að hraða þurfi gerð atvinnustefnu og útgáfu starfsleyfa.

## **5. Umsókn um rekstur matarvagns - 1802004**

Svæðisráð mælir með að leyfi verði veitt fyrir matarvagni Karls við Jökulsárlón út árið 2018. Þar sem stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna og skipulag fyrir Jökulsárlón er ekki til staðar getur svæðisráð ekki mælt með að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.

## **6. Umsókn um starfsleyfi - 1802003**

Umsókn um starfsleyfi frá Iceguide.

Svæðisráð ítrekar mikilvægi þess að vinna við atvinnustefnu og umgjörð um veitingu starfsleyfa verði hraðað svo hægt verði að afgreiða erindi eins og þetta á skilvirkan og eðlilegan hátt og vísar málinu áfram til stjórnar.

Fundi slitið kl. 16:30.

---

---